

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 30. nóvember 2015
UST201510-201/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – Búrfellsvirkjun. Umsögn

Vísað er til bréfs skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 29. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umhverfisskýrslu umrædds deiliskipulags.

Svæðið sem deiliskipulagið nær til er milli Búrfells og Sámsstaðamúla. Á þessu svæði eru ýmis mannvirki sem gerð voru þegar núverandi Búrfellsstöð var reist.


Ný virkjun mun nýta sama inntakslón og að hluta aðrennsliskurð sem þegar hefur verið grafinn.


Mannvirkjagerð og efnistaka verða á svæðum sem þegar hefur verið raskað. Ráðgert er að stöðvarhús verði neðanjarðar þannig að sjónræn áhrif verða óveruleg. Sjónræn áhrif felast líklega helst í því að vantsrennsli minnkar í farvegi Þjórsár austan og sunnan Búrfells.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að mannvirkjagerð skv. umræddu deiliskipulagi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri